# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 1. október kl. 09:20, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 839. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Ólafur Melsted, Brynja Kemp Guðnadóttir og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Frostaskjól 89-93,** *89 - Viðbygging* (15.150.06) Mál nr. BN059661 Skjalnr. 14532

Grétar Örn Guðmundsson, Baugatangi 7, 102
Þórdís Anna Oddsdóttir, Baugatangi 7, 102

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að reisa einnar hæðar viðbyggingu við vesturhlið endaraðhúss nr. 89 á lóð nr. 89 til 93 við Frostaskjól. Erindi var grenndarkynnt frá 27. ágúst 2021 til og með 24. september 2021. Engar athugasemdir bárust.
Samþykki fylgir frá eigendum nr. 91 og 93 dags. 28. júlí og 15. júlí 2021. Bréf frá hönnuði dags. 3. ágúst 2021. Stækkun 17,3 ferm., 45,2 rúmm. Gjald kr. 12.100
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

2. **Unnarstígur 2,** *Stækkun - endurnýjun* (11.370.09) Mál nr. BN058804 Skjalnr. 11298

Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík
Rafn Guðmundsson, Bárugata 30A, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að endurgera, m. a. leggja nýtt samfellt þak, jafna gólf og byggja við til norðurs og austurs, gera nýja glugga og hurðir á einbýlishúsi nr. 2A, á lóð nr. 2 við Unnarstíg.
Erindi fylgir þinglýst yfirlýsing um afnot lóðar dags. 18. ágúst 2017 og bréf hönnuðar dags. 3. maí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 18. júní 2021. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. ágúst 2021 og umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 16. september 2021.
Stækkun: 20,4 ferm., 140,7 rúmm. Eftir stækkun: 95 ferm., 350,7 rúmm. Gjald kr. 12.100
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Unnarsstíg 4, Marargötu 6, Öldugötu 29, 30A, 32 og 33 og Bræðraborgarstíg 21C.*
*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

3. **Vínlandsleið 12-14,** *Breytingar 2.og 3.hæð - Lyfjastofnun og Hjóla* (41.116.01) Mál nr. BN059866
Skjalnr. 10148

Vínlandsleið ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. september 21021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi 2. og 3. hæðar og byggja reiðhjólaskýli á bílastæði við húsið á lóð nr. 12-14 við Vínlandsleið. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2021.
Stærð hjólaskýli er : B rými 60 ferm., 131,5 rúmm. Gjald kr. 12.100
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. október 2021, samþykkt.*

4. **Brautarholt 4-4A,** *4A - Breyta burðarvirki - klæðning* (12.412.03) Mál nr. BN059911
Skjalnr. 9198

V Tólf Fasteignir ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057715 þannig að viðbygging verður steinsteypt og ásamt suðurhlið, einangruð og klædd að utan með málmklæðningu, ásamt því að fækka geymslum er fækkað um eina á lóð nr. 4A við Brautarholt.
Gjald kr. 12.100
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*

5. **Brautarholt 16,** *(fsp) fjölgun íbúða og inndregin 5. hæð* (01.242.3) Mál nr. SN210620
Skjalnr. 6043

Arnar Þór Jónsson, Melgerði 30, 108 Reykjavík
Byggingarfélagið Upprisa ehf., Háholti 14, 270 Mosfellsbær

Lögð fram fyrirspurn Arnars Þórs Jónssonar dags. 3. september 2021 ásamt bréfi dags. 30. ágúst 2021 um fjölgun íbúða í húsinu á lóð nr. 16 við Brautarholt úr 16 íbúðum í 33 íbúðir og hafa inndregna 5. hæð eins og er við Brautarholt 18 og 20, samkvæmt tillögu Arkís arkitekta ehf. dags. 20. ágúst 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. október 2021, samþykkt.*

6. **Fjólugata 13,** *Garðskáli - sólskáli* (11.851.09) Mál nr. BN059917
Skjalnr. 11727

Tómas Kristjánsson, Fjólugata 13, 101 Reykjavík
Þóra Hrólfsdóttir, Fjólugata 13, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta viðbyggingu með koparklæddu þaki og þakglugga, við suðurhlið íbúðarhúss á lóð nr. 13 við Fjólugötu.
Stækkun: 17,9 ferm., 50,7 rúmm. Gjald kr. 12.100
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Fjólugötu 11A og 15 og Laufásvegi 44 og 46.*
*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

7. **Nýlendugata 14,** *Viðbygging* (11.311.08) Mál nr. BN059899
Skjalnr. 11931

J.E. Skjanni, byggingaverkt ehf, Stórhöfða 33, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi á 2., 3. og 4. hæð, byggja viðbyggingu úr léttu byggingarefni, með svölum á og ofan á viðbyggingu við hús á lóð nr. 14 við Nýlendugötu.
Stækkun XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

8. **Ægisíða 102,** *Breyting á húsi þar sem skyggni er rifið og fjarlægt* (15.273.06) Mál nr. BN059793 Skjalnr. 10766

Festi hf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. september 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að rífa niður núverandi skyggni sem er orðið lélegt, sem er á samþykktum teikningum og skráningartöflu af mhl. 01 bensínstöð á lóð nr. 102 við Ægisíðu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2021.

Niðurrif af B rými er: 254,0 ferm., XX rúmm. Gjald kr. 12.100.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2021.*

9. **Suðurlandsbraut 16,** *breyting á deiliskipulagi* (01.263.1) Mál nr. SN200774 Skjalnr. 5524

Einar V Tryggvason, Miðdalur, 271 Mosfellsbær
Glitur ehf., Suðurlandsbraut 16, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Einars V. Tryggvasonar dags. 15. desember 2020 ásamt bréfi dags. 12. desember 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla og Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 16 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst stækkun hússins ásamt því að setja skyggni yfir inngang á þriðju hæð og útistiga upp á þriðju hæð, samkvæmt uppdr. Einars V. Tryggvasonar dags. 28. október 2020, síðast breytt 28. september 2021. Einnig er lögð fram yfirlýsing/samþykki Veitna ehf. vegna spennistöðvar 518 að Vegmúla 4, ódags. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. júlí 2021 til og með 20. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

10. **Laugarnesvegur 75,** *(fsp) stækkun húss o.fl.* (01.345.2) Mál nr. SN210649 Skjalnr. 14566

Anna Birna Guðlaugsdóttir, Laugarnesvegur 75, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. september 21021 var lögð fram fyrirspurn Önnu Birnu Guðlaugsdóttur dags. 7. september 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 75 við Laugarnesveg sem felst í byggingu forstofu yfir pall við aðalinngang hússins. Einnig er óskað eftir að setja sólpall út frá 1. hæð á suð/suðvesturhlið og nýjan útgang út á sólpall skv. tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2021.

*Umsögn skipulagsfulltrúa, 1.október 2021, samþykkt.*

11. **Vatnsstígur 10,** *Niðurrif - fastanúmer 200-3325 Vb.no 208544* (11.525.03) Mál nr. BN059934 Skjalnr. 13717

Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á mhl. 01 fasteignanr. 200-3325, einbýlishús, byggt 1863 á lóð nr. 10a við Vatnsstíg.

Stærðir hús er: 141 ferm., 399 rúmm. Gjald kr. 12.100

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

12. **Ásvallagata 5,** *Breyting á stigagangi - bætt við svölum* (11.623.07) Mál nr. BN059537 Skjalnr. 14451

Steinunn Hauksdóttir, Ásvallagata 5, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir svölum á 2. hæð suðurhliðar, gera nýja hurð í stigahús, breyta innra skipulagi og koma fyrir nýjum þakgluggum í risi á húsi nr. 5 á lóð nr. 5 við Ásvallagötu. Erindi var grenndarkynnt frá 21. september 2021 til og með 19. október 2021 en þar sem samþykki hagsmunaaðila barst þann 1. október 2021 er erindi nú lagt fram að nýju.
Minnkun vegna inndreginna svala í risi: 3,1 ferm. Stærð eftir breytingu: 337,2 ferm. , 940,1 rúmm. Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 14. júní 2021 og yfirlýsing burðarþolshönnuðar dags. 8. júlí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2021. Gjald kr.12.100.
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

13. **Njarðargata 5,** *Breyta hluta kjallara úr sameign í séreign. Um er að ræða bæði áðurgerðar br. og framkvæmdir í kjölf.* (11.855.09) Mál nr. BN059254 Skjalnr. 5577

Gunnar Magnússon, Kárastígur 13, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og eignarhaldi í kjallara, byggja svalir, bæta flóttaleiðir úr kjallara, breyta skipulagi íbúða og breyta notkun bílskúrs í vinnustofu í húsi nr. 5 á lóð við Njarðargötu.
Stærð A rýma er: Óbreytt. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 27. apríl 2021 og yfirlit breytinga, ódagsett, samþykki eigenda dags. 21. júní 2021. Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 29. maí 2021, bréf hönnuðar dags. 27. júlí 2021, útreikningur birtuskilyrða hönnuðar móttekið 3. ágúst 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. ágúst 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021. Húsaskoðunarskýrsla dags. 23. ágúst 2021. Gjald kr.12.100
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Njarðargötu 7 og Fjólugötu 19B, 21, 23 og 25.*
*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. sbr. 12. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

14. **Njálsgata 77,** *Svalir - 1. 2. og 3ju hæð* (11.910.20) Mál nr. BN059743 Skjalnr. 14540

Njálsgata 77,húsfélag, Njálsgötu 77, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir svölum á 1. 2. og 3. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 77 við Njálsgötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. ágúst 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2021. Gjald kr. 12.100
*Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.*

15. **Nýlendugata 30,** *(fsp) bílastæði* (01.131.1) Mál nr. SN210650
Skjalnr. 7795

Frank Arthur Blöndahl Cassata, Nýlendugata 30, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Frank Arthur Blöndahl Cassata dags. 15. september 2021 um breytingu á staðsetningu bílastæðis á lóð nr. 30 við Nýlendugötu, en óskað er eftir að færa eitt bílastæðið á suðausturhorn lóðar, með aðkomu frá Nýlendugötu, samkvæmt skissu á yfirlitsmynd.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

16. **Rökkvatjörn 1,** *Mhl.05 - Rökkvatjörn 1, Gæfutjörn 10, íbúðir og verslun* (50.516.01) Mál nr. BN059580
Skjalnr. 14362

Hans Olav Andersen, Hávallagata 21, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja 21 íbúða, 3-5 hæða fjölbýlishús ásamt kjallara og verslunar- og þjónusturýmum á jarðhæð, Rökkvatjörn 1 og Gæfutjörn 10, mhl.05, sem er 3. áfangi uppbyggingar á lóð nr. 1 við Rökkvatjörn.

Stærð mhl.05: 2.402.8 ferm., 7.804.1 rúmm. Erindi fylgir bréf frá hönnuði vegna umsagnar skipulagsfulltrúa, frá 17. ágúst 2021, dags. 14. september 2021, mæliblað 5.051.6 útgefið 13. september 2018, hæðablað 5.051.6.1 dags. 29. maí 2019, hæðablað 5.051.6 útg. 3 dags. 17. mars 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. ágúst 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags.17. ágúst 2021. Gjald kr. 12.100

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

17. **Sörlaskjól 10,** *Forstofa, færa aðalinngang* (15.322.12) Mál nr. BN059642
Skjalnr.

Arnar Orri Bjarnason, Sörlaskjól 10, 107 Reykjavík
Halla Harðardóttir, Sörlaskjól 10, 107 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja forstofu við norðurhlið og breytingar á innra skipulagi húss á lóð nr. 10 við Sörlaskjól.

Stækkun er: 49,9 ferm., 121,4 rúmm. Erindi fylgir samþykki eigenda nr. 12 við Sörlaskjól á teikningu dags. 5. júlí 2021 og skýringarmyndir hönnuðar vegna breytinga dags. 5. júlí 2021 ásamt yfirliti breytinga á afriti af aðaluppdrætti stimpluðum 22. ágúst 1946. Gjald kr.12.100

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

18. **Eggertsgata 35,** *Leikskóli* (16.361.01) Mál nr. BN059952
Skjalnr. 13409

Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja fjögurra deilda leikskóla fyrir 70 börn, mhl.03, á lóð nr. 35 við Eggertsgötu.

Stærðir mhl.03: 630.0 ferm., 2.047.5 rúmm. Erindi fylgir skýrsla um brunahönnun unnin af Örugg verkfræðistofu, dags. 9. september 2021 og lóðablað 1.636.1 dags. 7. júní 2021. Gjald kr. 12.100

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

19. **Fjölnisvegur 6,** *Viðbygging og svalir* (11.963.04) Mál nr. BN059576
Skjalnr. 12826

Guðrún Hallgrímsdóttir, Hjarðarhagi 29, 107 Reykjavík
Guðrún G Björnsdóttir, Fjölnisvegur 6, 101 Reykjavík
Grímur Hjörleifsson Eldjárn, Fjölnisvegur 6, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að sameina tvær íbúðir sem eru 0201 og 0301 í eina og byggja einnar hæðar viðbyggingu með svölum ofaná við suðausturhlið húss á lóð nr. 6 við Fjölnisveg. Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 16. júlí 2021, bréf hönnuðar dags. 24. júní 2021 og dags. 16. júlí 2021. Stækkun viðbyggingar eru: 19,0 ferm., 54,0 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. september 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. september 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2021. Gjald kr. 12.100

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Fjölnisvegi 4 og 8 og Bergstaðarstræti 69 og 71.*

*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

20. **Heiðargerði 11,** *breyting á deiliskipulagi* (01.801) Mál nr. SN210547
Skjalnr. 13618

Óli Ragnar Gunnarsson, Heiðargerði 11, 108 Reykjavík
Skipulags-,arikitekta-/verkfrst, Garðastræti 17, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Gests Ólafssonar dags. 23. júlí 2021,varðandi breytingu á deiliskipulagi Heiðargerðisreits vegna lóðarinnar nr. 11 við Heiðargerði. Í breytingunni felst að heimilt verði að yfirbyggja svalir innan byggingarreits B og byggja svalir innan byggingarreits D, samkvæmt deiliskipulagsuppdr. Gests Ólafssonar, dags. 15. júlí 2021 br. 22. júlí 2021. Einnig eru lagðir fram skýringaruppdr. dags. 5. september 2016 með síðari breytingum.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Heiðargerði 3, 13, 19, og 21.*

*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

21. **Lautarvegur 8 og 10,** *breyting á deiliskipulagi* (01.794.3) Mál nr. SN210618
Skjalnr. 14165

Jón Þór Þorvaldsson, Logafold 128, 112 Reykjavík
Bstjóri ehf., Lautarvegi 8, 103 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. september 21021 var lögð fram umsókn Jóns Þórs Baldvinssonar dags. 1. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sléttuvegar vegna lóðarinnar nr. 8 og 10 við Lautarveg. Í breytingunni felst að bogadregin lóðarmörk sem snúa að göngustígum lóðanna eru rétt af, samkvæmt uppdr. Úti og inni arkitekta ehf. dags. 3. september 2021, Við breytinguna stækkar lóð nr. 8, en lóð nr. 10 helst óbreytt. Einnig er lögð fram tillaga úti og inni arkitekta dags. 3. september 2021 og samþykki eigenda að Lautarvegur 10 dags. 22. september 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

22. **Haukdælabraut 94,** *(fsp) stækkun lóðar* (05.114.1) Mál nr. SN210657
Skjalnr. 12546

Hlédís Sveinsdóttir, Brekkugata 14, 220 Hafnarfjörður
Kristín Sigurey Sigurðardóttir, Haukdælabraut 94, 113 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hlédísar Sveinsdóttur dags. 20. september 2021 ásamt bréfi dags. 15. september 2021 um stækkun lóðarinnar nr. 94 við Haukdælabraut úr 765 fm í 800 fm.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

23. **Háaleitisbraut 1,** *Fjölbýlishús* (12.521.01) Mál nr. BN059830
Skjalnr. 10336

Sjálfstæðisflokkurinn, Pósthólf 5296, 125 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. september 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja 4-6 hæða steinsteypt fjölbýlishús, klætt málmklæðningu, með alls 47 íbúðum, atvinnurými á hluta jarðhæðar og bílakjallara, mhl. 02, á lóð nr. 1 við Háaleitisbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2021.
Stærðir: 7.329.4 ferm., 21.079.7 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 1.252.1 endurútgefið 22. febrúar 2010, og lóðablað 1.252.1 dags. 29. júlí 2021. Gjald kr. 12.100.
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. september 2021, samþykkt.*

24. **Sogavegur 3,** *(fsp) færsla lóðarmarka o.fl.* (01.810.9) Mál nr. SN210661
Skjalnr. 9759

Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
K.J. hönnun ehf, Kringlunni 7, 123 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 21. september 2021 um að færa lóðarmörk lóðarinnar nr. 3 við Sogaveg, stækka kjallara til vesturs og setja nýjan inngang á kjallara frá borgarlandi ásamt því að bæta við tveimur bílastæðum á lóð, samkvæmt tillögu ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

25. **Gufunes, samgöngutengingar,** *nýtt deiliskipulag* (02.2) Mál nr. SN210218
Skjalnr. 7808

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir samgöngutengingar í Gufunesi. Um er að ræða ca. 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Einnig er Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag o.fl., samkvæmt uppdr. og greinargerð Verkís dags. 24. júní 2021. Tillagan var auglýst frá 4. ágúst 2021 til og með 15. september 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Umhverfisstofnunar dags. 12. ágúst 2021, íbúaráð Grafarvogs dags. 17. ágúst 2021, Sigurjón P. Stefánsson dags. 23. ágúst 2021, Veðurstofa Íslands dags. 26. ágúst 2021, Jón Dal Kristbjörnsson og Sigríður María Jónsdóttir dags. 6. september 2021, Skipulagsstofnun dags. 15. september 2021 og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 15. september 2021.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

26. **Hádegismóar,** *nýtt deiliskipulag* (04.41) Mál nr. SN200054
Skjalnr. 8106

Bandalag íslenskra skáta, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík
Gunnar Bergmann Stefánsson, Mánatún 3, 105 Reykjavík

Lögð er fram að skipulagstillaga Urban Beat ehf. ásamt deiliskipulags- og skýringaruppdrætti dags. 22. september 2021. Í tillögunni felst að skilgreind er lóð fyrir höfuðstöðvar Bandalags íslenskra skáta (BÍS), þar sem verður m.a. skrifstofa félagsins, fræðslumiðstöð, kennslu-, fundar- og gistaaðstaða og mögulega rekstur á kaffihúsi. Svæðið er staðsett norðan við Rauðavatn og hallar að vatninu með halla mót suðri, að mestu leyti raskað svæði en hefur gróið upp á síðustu áratugum. Skipulagssvæðið er um 2,2 ha og er gert ráð fyrir nokkrum 1-2 hæða byggingum innan lóðar. Einnig er lagður fram tölvupóstur Veitna ohf. dags. 30. september 2021 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. sbr. 12. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1472/2020.*

27. **Heiðmörk - vatnsverndarsvæði,** *framkvæmdarleyfi* (08.1) Mál nr. SN210647 Skjalnr. 9424

Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. september 21021 var lögð fram umsókn Veitna ehf. dags. 14. september 2021 um framkvæmdaleyfi vegna plægingar fyrir ljósleiðara á vatnsendasvæði í Heiðmörk. Einnig eru lagðar fram yfirlitsmyndir sem sýna staðsetningu ljósleiðara. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2021.
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2021. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020.*

28. **Knarrarvogur 2,** *staðsetning ökutækjaleigu* (01.457.0) Mál nr. SN210666 Skjalnr. 5291

Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 22. september 2021 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Jóhannesar Sigurðssonar f.h. Átaks ehf. um að reka ökutækjaleigu að Knarrarvogi 2. Sótt er um leyfi fyrir allt að 40 ökutækjum í útleigu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1.október 2021, samþykkt.*

29. **Koparslétta 4-8,** *breyting á deiliskipulagi* (34..5) Mál nr. SN210667 Skjalnr. 14519

GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
Malbikstöðin ehf., Flugumýri 26, 270 Mosfellsbær

Lögð fram umsókn Grímu arkitekta ehf. dags. 23. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela, athafnasvæðis, vegna lóðanna nr. 4 og 6-8 Koparsléttu. Í breytingunni felst sameining lóðar 4 við lóð 6-8, sameining tveggja byggingarreita á lóðunum í einn, smávægileg færsla á legu og stærð innkeyrslu á sameinaða lóð frá Koparsléttu og krafa um mænishæð er felld niður, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta ehf. dags. 22. september 2021.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Koparsléttu 2, 3 og 10 og Gullsléttu 4.*
*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

30. **Vogabyggð svæði 2 (Skutulstorg),** *breyting á deiliskipulagi* (01.45) Mál nr. SN210610 Skjalnr. 13136

Hans Olav Andersen, Hávallagata 21, 101 Reykjavík
Gagnaveita Reykjavíkur ehf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. september 2021 var lögð fram umsókn Hans Olav Andersen dags. 31. ágúst 2021 um breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2. Í breytingunni felst að byggingareitur dreifistöðvar á Skutulstorgi er stækkaður úr 35m2 í 65m2, lögun og staðsetningu breytt og lóðarmörk fyrir reit 2-3 er breytt skv. uppdrætti Jvantspijker & partners og Teiknistofunnar Traðar dags. 27. ágúst 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*

31. **Vogabyggð svæði 5,** *breyting á deiliskipulagi* (01.45) Mál nr. SN210675 Skjalnr. 13136

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 5. Breytingin felst í því að smábátahöfn Snarfara er stækkuð og dýpkuð. Hluti hafnargarðs, sem liggur í austur-vesturstefnu er fjarlægður og hafnargarður sem liggur í norður-suðurstefnu er lengdur til norðurs. Flotbryggjur lengjast og bátastæðum fjölgar úr 152 í 250. Lóð smábátahafnar á landi stækkar sem nemur láréttu svæði hafnargarðs, samkvæmt uppdr. Teiknistofu Traðar dags. 29. september 2021. Greinargerð og skilmálar fyrir allt skipulagssvæðið er jafnframt uppfært í heild samhliða breytingartillögu, dags. 29. september 2021.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

32. **Hverfisgata 98A, 100 og 100A,** *breyting á deiliskipulagi* (01.174.1) Mál nr. SN210662 Skjalnr. 5238

Mannverk ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 21. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu. Breytingin felur í sér að heimilt verður að sameina lóðirnar í eina lóð, setja kvöð um uppbrot byggðar í samræmi við fyrri lóðarmörk ásamt kvöð um þrjá innganga. Lyftustokkur og annar tækjabúnaður standi upp fyrir byggingarreit og íbúðum fækkar um tvær. Á lóð nr. 100 verður heimilt að byggja ofan á núverandi byggingu eða rífa hana og byggja nýja ásamt því að byggingarreitur minnkar og verður í samræmi við grunnflöt núverandi byggingar. Byggingarreitur og heimild fyrir kjallara fellur út ásamt því að sér byggingareitur stiga- og lyftuhúss fellur út, samkvæmt uppdr. Arkþing - Nordic ehf. dags. 16. september 2021.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

33. **Kópavogur,** *breytingar á skilti við Breidd - ósk um umsögn* Mál nr. SN210676 Skjalnr. 8439

Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur

Lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 29. september 2021 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Handknattleiksfélags Kópavogs um breytingar á skilti félagsins við stofnbraut í Breidd.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

34. **Lambhagavegur 10,** *(fsp) minnka og færsla á byggingarreit og hækkun húss* (02.641.104) Mál nr. SN210510 Skjalnr. 14514

Sigurður Hallgrímsson, Stórakur 7, 210 Garðabær
Íslenska fjallatrukkafélagi ehf, Stigahlíð 91, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar f.h. Íslenska fjallatrukkafélagsins ehf dags. 7. júlí 2021 um að minnka og færa byggingarreit lóðarinnar nr. 10 við Lambhagaveg og hækka húsið úr 8 metrum í 11 metra, samkvæmt uppdr. Arkþing-Nordic dags. 7. júlí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. október 2021, samþykkt.*

35. **Lækjargata 1,** *nýtt deiliskipulag* (01.17) Mál nr. SN200645 Skjalnr. 14355

Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 29. september 2021 þar sem tilkynnt er að stofnunin geti ekki tekið afstöðu til erindisins fyrr en umsögn Minjastofnunnar Íslands liggur fyrir og viðbrögð sveitarfélagsins við henni.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

36. **Túngata 15,** *Gámahús kennslustofur* (11.600.06) Mál nr. BN059357
Skjalnr. 13929

Landakotsskóli ses., Túngötu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir kennslustofum í tveimur gámaeiningum á lóð nr. 15 við Túngötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. júní 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2021.
Stærð: 68,9 ferm., 212,2 rúmm. Gjald kr. 12.100
*Ekki er gerð skipulagslegar athugasemd við erindið, þar sem hagsmunir hagsmunaaðilar skerðist að engu, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

37. **Týsgata 6,** *breyting á deiliskipulagi* (01.181) Mál nr. SN210644
Skjalnr. 14262

Skúli Rúnar Jónsson, Týsgata 6, 101 Reykjavík
Týsgata 6, húsfélag, Týsgötu 6, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Skúla Rúnars Jónssonar dags. 12. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.0 vegna lóðar nr. 6 við Týsgötu. Í breytingunni felst að núverandi geymsla á lóð verður rifin og nýr byggingarreitur fyrir geymslur staðsettur í norðvestur horni lóðar. Heimilt verði að byggja einnar hæðar byggingu innan byggingarreits ásamt því að nýr byggingarreitur verður staðsettur við norðurhlið húss vegna stiga utanhúss sem veitir aðgengi upp á 2. hæð. Jafnframt verður heimilt að gera léttbyggðar svalir götumegin á 2. hæð (flóttaleið), samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 10. ágúst 2021. Einnig er lagður fram aðaluppdráttur dags. 6. júní 2021.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

38. **Lerkihlíð 6,** *(fsp) notkun kjallara o.fl.* (01.782.4) Mál nr. SN210567
Skjalnr.

Stáss Design ehf., Fiskislóð 24, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. september 2021 var lögð fram fyrirspurn Stáss Design ehf. dagsett 10. ágúst 2021 um að opna á milli aðalhæðar og kjallara hússins á lóð nr. 6 við Lerkihlíð og nýta kjallara sem hluta af húsinu. Einnig er óskað eftir að grafa frá húsinu og bæta við gluggum á norður og vesturhlið hússins skv. tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. október 2021, samþykkt.*

39. **Suðurgata 35,** *Ýmsar breytingar* (11.422.01) Mál nr. BN058753
Skjalnr. 14490

Sigurður Hjörtur Flosason, Suðurgata 35, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera breytingar á garðvegg að Skothúsvegi til þess að koma fyrir sorptunnugeymslu, breyta útliti bílskúrshurðar mhl.02 og gera nýja svalahurð og svalir með aðgengi að garði við suðvesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 35 við Suðurgötu. Erindi var grenndarkynnt frá 27. ágúst 2021 til og með 24. september 2021. Engar athugasemdir bárust.
Erindi fylgir mæliblað 1.142.2 útgefið 31. janúar 1984 og yfirlit breytinga á skýringaruppdráttum Glámu Kím dags. 21. janúar 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25.

júní 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2021. Gjald kr. 12.100
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

40. **Bergstaðastræti 11A og 13,** *lokun undirganga* (01.181.3) Mál nr. SN210679
Skjalnr. 7441

Stefán Auðunn Stefánsson, Breiðagerði 4, 108 Reykjavík

Lagður fram tölvupóstur Stefáns Auðuns Stefánssonar dags. 24. september 2021 um lokun undirganga á lóð nr. 11A við Bergstaðastræti. Undirgöngin þjóna umferð fyrir Bergstaðastræti 11A og Bergstaðastræti 13.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

41. **Hverfisgata 70,** *eignarhald á lóð - ósk um fund* (01.151.0) Mál nr. SN210674
Skjalnr. 5872

LEX ehf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf LEX lögmannsstofu dags. 23. september 2021 þar sem óskað er eftir fundi með skipulagsfulltrúa varðandi eignarhald á lóð nr. 70 við Hverfisgötu. Á lóðinni eru bílastæði sem Reykjavíkurborg nýtir, en umbjóðandi LEX lögmannsstofu Orri Páll Vilhjálmsson telur Reykjavíkurborg ekki hafa réttmæta eignarheimild að lóðinni og þar með ekki heimild til nýtingar hennar án hans samþykkis.
*Visað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:52.

Björn Axelsson Helena Stefánsdóttir